

Jafnréttisstefna Þróttur Reykjavík



Inngangur

Einstaklingum líður betur í umhverfi þar sem jafnrétti ríkir. Þar sem kynjamsrétti fær að skjóta rótum eru oft ríkjandi aðrir fordómar sem t.d. tengjast uppruna eða aldri. Hugmyndir um það hvað sé við hæfi að stelpur geri annars vegar og strákar hins vegar eru hamlandi. Þar sem raunverulegt jafnrétti ríkir fá allir einstaklingar að njóta sín og blómstra.

Knattspyrnufélagið Þróttur stuðlar að jöfnum tækifærum sinna félagsmanna og mismunar ekki vegna kynferðis, uppruna, kynhneigðar, kynvitundar, aldurs, fötlunar, þjóðernis, trúarbragða, skoðana, litarháttar eða annarrar stöðu. Íþróttafélagið leggur áherslu á gagnkvæma virðingu í öllu starfi. Niðurlægjandi framkoma svo sem einelti, ofbeldi, kynferðisleg áreitni, illt umtal og ósæmilegar vígsluathafnir er ekki liðin innan félagsins.

Reykjavíkurborg leggur áherslu á, í mannréttindastefnu sinni, að allt uppeldis- og tómstundastarf, menntun og fræðsla skuli hafa jafna stöðu kynjanna að leiðarljósi. Styrkja skuli jákvæð samskipti og gagnkvæma virðingu kynjanna í öllu starfi með börnum og unglíngum og þau hvött til að rækta hæfileika sína og persónuþroska án hamlandi áhrifa hefðbundinna kynjaímynda.

Í 23. grein laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 kemur fram að kynjasambættingar skuli gætt við alla stefnumótun þar á meðal í íþrótt- og tómstundastarfi.

Reykjavíkurborg hefur sett inn í þjónustusamning sinn við Þrótt að félagið skuli hafa virka jafnréttisstefnu og gæta þess í öllu starfi að taka tillit til beggja kynja.

Knattspyrnufélagið Þróttur hefur nú í samstarfi við ÍBR unnið jafnréttisstefnu og mun fylgja henni eftir samanber þjónustusamning við Reykjavíkurborg og ÍBR. Jafnréttisstefnan nær til iðkenda, þjálfara, stjórna og starfsfólks. Stefnan gildir í allri starfsemi félagsins. Stefnan er endurskoðuð og lagfærð er þurfa þykir í kjölfar skila á greinargerð um framkvæmd hennar. ÍBR kallar eftir jafnréttisstefnu og framkvæmd hennar frá Þrótti jafnhliða skilum ársreikninga. ÍBR mun veita ráðgjöf og stuðning varðandi erfið mál m.a. einelti og kynferðislega áreitni.

1 Iðkendur

Íþróttir skipa stóran sess í uppvexti margra barna. Íþróttir stuðla að sterkri sjálfsmynd einstaklingsins, heilbrigðum lífsstíl og almennri vellíðan. Í íþróttum setja iðkendur sér markmið og fylgja þeim eftir með góðri skipulagningu og leiðsögn. Með íþróttabjálfun byggjum við upp öfluga einstaklinga sem fara af stað út í lífið með gott veganesti sem stuðlar að hreysti og heilbrigði.

Tímar

Knattspyrnufélagið Þróttur úthlutar jafn mörgum tímum til æfinga til beggja kynja sem stunda æfingar innan sömu greinar og eru á sama aldri.

Félagið úthlutar tíma í samræmi við aldur. Þess er gætt að bæði kyn njóti þess að vera á „jafngóðum“ tíma dagsins.

Mæling

Íþróttastjóri gerir úttekt á tímatöflum í upphafi hverrar annar.

Ábyrgð

Framkvæmdastjóri félagsins ber ábyrgð á að úttektin sé framkvæmd.

Aðstaða

Bæði kynin njóta sömu eða sambærilegrar aðstöðu og aðbúnaðar við æfingar.

Mæling

Íþróttastjóri félagsins gerir úttekt á aðstöðu og aðbúnaði í upphafi hverrar annar.

Ábyrgð

Framkvæmdastjóri félagsins ber ábyrgð á að úttektin sé framkvæmd.

Fjármagn

Samræmi sé í fjárveitingum innan Þróttar til íþróttagreina eftir kynjum. Málefnaleg rök skulu vera fyrir frávikum og skulu þau heyra til undantekninga.

Mæling

Íþróttastjóri ber saman fjárveitingar til greina og niður á kyn. Upplýsingar eru teknar úr bókhaldi.

Ábyrgð

Framkvæmdastjóri félagsins ber ábyrgð á að samanburðurinn sé framkvæmdur.

Umfjöllun

Þess er gætt að umfjöllun um bæði kynin og íþróttagreinar sé sem jöfnust á vefsíðum félagsins og í öllu efni sem félagið lætur frá sér fara t.d. útgáfu og fréttatilkynningum. Á þetta bæði við um texta og myndefni.

Mæling

Íþróttastjóri félagsins gerir úttekt á öllu útgefnu efni út frá kyni, íþróttagreinum og aldri. Umfjöllun á vefsíðum skal greind með sama hætti þrisvar sinnum á ári og nær úttektin yfir eina viku í hvert sinn.

Ábyrgð

Framkvæmdastjóri félagsins ber ábyrgð á að úttektin sé framkvæmd.

Fyrirmyndir

Fyrirmyndir eru kynntar á ígrundaðan hátt og þess gætt að þær séu af báðum kynjum og endurspegli þær áherslur sem eru hjá félaginu.

Mæling

Íþróttastjóri gerir úttekt einu sinni á ári. Hann athugar hverjar áherslur félagsins eru og hvernig fyrirmyndirnar hafi verið kynntar.

Ábyrgð

Framkvæmdastjóri félagsins ber ábyrgð á að úttektin sé framkvæmd.

Vinna gegn staðalímyndum

Þróttur vinnur markvisst gegn staðalímyndum með því að leitast við að jafna kynjahlutföll meðal iðkenda hvernar íþróttagreinar fyrir sig. Á þetta við jafnt í starfi sem og allri umfjöllun um starfið.

Mæling

Íþróttastjóri gerir stöðumat og vinnur í kjölfarið tillögur að úrbótum ef þurfa þykir.

Ábyrgð

Framkvæmdastjóri félagsins ber ábyrgð á að stöðumatið sé framkvæmt.

Verðlaun

Verðlaun til beggja kynja og innan allra greina eru sambærileg. Þróttur upplýsir kostunaraðila og aðra samstarfsaðila um þá stefnu Þróttar að jafnræðis skuli gætt milli kynja og greina í verðlaunum.

Mæling

Íþróttastjóri félagsins gerir úttekt einu sinni á ári á formlegum verðlaunaafhendingum félagsins.

Ábyrgð

Framkvæmdastjóri félagsins ber ábyrgð á að úttektin sé framkvæmd.

Laun eða hlunnindi iðkenda

Kynin njóti sömu launa og/eða hlunninda fyrir sömu eða sambærileg störf hjá Prótti.

Mæling

Launafulltrúi gerir jafnréttisúttekt á launum/hlunnindum úr bókhaldi einu sinni á ári.

Ábyrgð

Framkvæmdastjóri félagsins ber ábyrgð á að úttektin sé framkvæmd.

Afrekssjóðir

Við úthlutun úr afrekssjóðum eru upphæðir/úthlutun eftir kynjum og aldri sem jöfnust hjá félaginu.

Mæling

Bókari gerir jafnréttisúttekt á upphæðum úr bókhaldi einu sinni á ári.

Ábyrgð

Framkvæmdastjóri félagsins ber ábyrgð á að úttektin sé framkvæmd.

2 Þjálfarar

Allir iðkendur, óháð kyni, eiga rétt á góðum þjálfa sem hæfir getu þeirra og aldri. Nauðsynlegt er að þjálfarar beggja kynja séu vel menntaðir og hafi möguleika á að fá hæfa aðstoðarþjálfa sé þess þörf.

Laun

Þjálfarar Þróttar njóta sömu launa, óháð kyni, fyrir sömu eða sambærileg störf.

Mæling

Launafulltrúi gerir jafnréttisúttekt á launum úr bókhaldi.

Ábyrgð

Framkvæmdastjóri félagsins ber ábyrgð á að úttektin sé framkvæmd.

Fræðsla/menntun/fyrirlestrar

Þjálfarar Þróttur hafa sömu tækifæri, óháð kyni, til að afla sér þekkingar, símenntunar og stunda nám sem nýtist í starfi.

Mæling

Íþróttastjóri gerir úttekt á menntun þjálfa út frá ráðningasamningum einu sinni á ári.

Ábyrgð

Framkvæmdastjóri félagsins ber ábyrgð á að úttektin sé framkvæmd.

3 Stjórnir, ráð og nefndir

Við skipan í nefndir, ráð og stjórnir á vegum Þróttar er þess gætt að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og hlutfall annars kynsins ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða.

Mæling

Íþróttastjóri gerir úttekt á hlutfalli kynja í öllum stjórnnum félagsins.

Ábyrgð

Framkvæmdastjóri félagsins ber ábyrgð á að úttektin sé framkvæmd.

Andlit/málsvari félagsins

Þess er gætt á opinberum samkomum, í fjölmiðlum og annars staðar að bæði konur og karlar komi fram fyrir hönd Þróttar.

Mæling

Íþróttastjóri gerir úttekt einu sinni á ári eins og með fyrirmyndir.

Ábyrgð

Framkvæmdastjóri félagsins ber ábyrgð á að úttektin sé framkvæmd.

4 Starfsfólk

Starfsfólk félagsins.

Þess sé gætt að kynjahlutfall starfsfólks á skrifstofu og í íþróttamannvirkjum Þróttar sé sem jafnast.

Mæling

Íþróttastjóri félagsins gerir úttekt á hlutfalli kynja samanber verklag varðandi stjórnir.

Ábyrgð

Framkvæmdastjóri félagsins ber ábyrgð á að úttektin sé framkvæmd.

Laun

Þjálfarar Þróttar njóta sömu launa, óháð kyni, fyrir sömu eða sambærileg störf.

Mæling

Launafulltrúi gerir jafnréttisúttekt á launum úr bókhaldi.

Ábyrgð

Framkvæmdastjóri félagsins ber ábyrgð á að úttektin sé framkvæmd.

Fræðsla/menntun/fyrirlestrar

Þjálfarar Þróttar hafa sömu tækifæri, óháð kyni, til að afla sér þekkingar, símenntunar og stunda nám sem nýtist í starfi.

Mæling

Íþróttastjóri gerir úttekt á menntun þjálfara út frá ráðningasamningum einu sinni á ári.

Ábyrgð

Framkvæmdastjóri félagsins ber ábyrgð á að úttektin sé framkvæmd.

5 Iðkendur, þjálfarar, stjórnir, sjálfboðaliðar og starfsfólk

Allir félagsmenn Þróttar eiga rétt á því að komið sé fram við þá af virðingu.

Kynferðisleg áreitni og einelti er framkoma og hegðun sem ekki er liðin innan Þróttar.

Með kynferðislegri áreitni er átt við kynferðislega hegðun sem er ósanngjörn og/eða móðgandi og í óþökk þess sem fyrir henni verður, hefur áhrif á sjálfsvirðingu þess eða þeirra sem fyrir henni verða og er haldið áfram þrátt fyrir að gefið sé skýrt í skyn að hegðunin sé óvelkomin. Kynferðisleg áreitni getur verið líkamleg, orðbundin eða táknræn á það jafnframt við um klám hvort sem er í myndum eða máli. Klám, í hvaða mynd sem er telst einnig kynferðisleg áreitni.

Með einelti er átt við hvers konar athöfn eða hegðun sem er til þess fallin að niðurlægja, gera lítið úr, móðga, særa, mismuna eða ógna og valda vanlíðan hjá þeim sem hún beinist að.

Félagsmenn bera virðingu fyrir umhverfi sínu og niðurlægjandi myndefni eða klámi í máli eða myndum á ekki heima á svæði félagsins eða í neinu því efni sem er á þess vegum.

Þeir sem verða fyrir kynferðislegri áreitni eða einelti eiga að snúa sér til þjálfara, íþróttastjóra eða formanns deildarinnar/félagsins sem hafa þá skyldu að koma málinu í réttan farveg.

Jafnréttisstefna Þróttar samþykkt og uppfærð á fundi aðalstjórnar Þróttar 28.október 2020